

# **Tæknival hf.**

**Ársreikningur  
2004**

Tæknival hf.  
Skeifunni 17  
108 Reykjavík

Kt. 530276-0239

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra .....	3	Efnahagsreikningur .....	6
Áritun endurskoðenda .....	4	Yfirlit um sjóðstreymi .....	8
Rekstrarreikningur .....	5	Skýringar .....	9

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

---

Ársreikningurinn er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hagnaður félagsins á árinu 2004 nam 608 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi og eigið fé í lok ársins er jákvætt um 250 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum á árinu.

Í lok janúar 2004 seldi félagið verslunarsvið sitt og tóku nýjir eigendur þá þegar við rekstri þess hluta. Söluhagnaður hinnar seldu rekstrareiningar nam 1.049 millj. kr. sem færðar eru meðal rekstrartekna í rekstrarreikningi.

Hlutfé félagsins í ársbyrjun var 437 millj. kr. en 439 millj. kr. í árslok. Hluthafar voru 244 í ársbyrjun en 2 í árslok og fækkaði því um 242 á árinu. Í árslok átti Grjóti ehf. allt hlutfé í félaginu að undanskildum eitt þúsund króna hlut að nafnverði.

Stjórn félagsins gerir ekki tillögu um arðgreiðslur til hluthafa á árinu 2005 vegna rekstrarársins 2004.

Stjórn Tæknivals hf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2004 með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. mars 2005.

Stjórn:

Pálmi Haraldsson

Almar Örn Hilmarsson

Forstjóri:

Sigrún Guðjónsdóttir

# Áritun endurskoðenda

---

Stjórn og hluthafar í Tæknivali hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning Tæknivals hf. fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1-28. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt efnahagsreikningi er eigið fé félagsins jákvætt um 250 þús. kr. Meðal eigna í efnahagsreikningi er reiknuð skattineign að fjárhæð 228 millj. kr. vegna yfirfæranlegs skattalegs taps félagsins. Forsendur þessarar eignfærslu eru þær að félaginu takist að nýta tapið á móti hagnaði á næstu árum og er ársreikningurinn að öðru leyti miðaður við áframhaldandi rekstur félagsins. Stöðvist reksturinn verður að gera ráð fyrir að minna fáiast fyrir eignir þess en þær eru bókfærðar á.

Það er álit okkar, að teknu tilliti til framangreindar umfjöllunar um rekstrarafkomu og fjárhagsstöðu, að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2004, efnahag þess 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 29. mars 2005.

Halldór Hróarr Sigurðsson

Eyvindur Albertsson

**KPMG Endurskoðun hf.**

## Rekstrarreikningur ársins 2004

	Skýr.	2004	2003
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Seldar vörur og þjónusta .....		1.481.696	3.331.689
Aðrar tekjur .....		1.048.881	950
		2.530.577	3.332.639
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Kostnaðarverð seldra vara .....		1.084.368	2.414.398
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	11	329.610	591.109
Annar rekstrarkostnaður .....		244.939	416.020
		1.658.917	3.421.527
Rekstrarhagnaður (-tap) án afskrifta .....		871.660	( 88.888 )
Afskriftir .....	5,15	( 46.330 )	( 83.811 )
Rekstrarhagnaður (-tap) án fjármagnsgjalda .....		825.330	( 172.699 )
Hrein fjármagnsgjöld .....	14	( 72.353 )	( 170.930 )
Áhrif hlutdeildarfélags .....		0	( 7.444 )
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt .....		752.977	( 351.073 )
Tekjuskattur .....	18	( 145.382 )	62.436
<b>Hagnaður (tap) ársins .....</b>	<b>22</b>	<b>607.595</b>	<b>( 288.637 )</b>

# Efnahagsreikningur

## Eignir

	Skýr.	2004	2003
<b>Fastafjármunir:</b>			
Óefnislegar eignir:			
Viðskiptavild .....		0	5.380
Langtímakostnaður .....		0	10.683
		<u>0</u>	<u>16.063</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Bifreiðar .....		1.097	1.647
Áhöld, tæki og innréttingar .....		79.457	173.049
	5,15	<u>80.554</u>	<u>174.696</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	6,17	11.659	20.867
Reiknuð skattinneign .....	10,18,19	228.410	373.792
		<u>240.069</u>	<u>394.659</u>
	Fastafjármunir	<u>320.623</u>	<u>585.418</u>
<b>Veltufjármunir:</b>			
Birgðir .....	7	161.167	363.267
Skammtímakröfur:	8,20		
Viðskiptakröfur .....		167.839	444.478
Aðrar skammtímakröfur .....		10.692	20.264
Handbært fé .....	9	1.148	16.020
	Veltufjármunir	<u>340.846</u>	<u>844.029</u>
	<b>Eignir samtals</b>	<u>661.469</u>	<u>1.429.447</u>

## 31. desember 2004

### Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2004	2003
<b>Eigið fé:</b>			
Hlutafé .....	21	438.509	437.240
Ójafnað eigið fé .....		( 438.259 )	( 1.045.092 )
Eigið fé, (neikvætt) .....	22	<u>250</u>	<u>( 607.852 )</u>
<b>Víkjandi lán:</b>			
Víkjandi lán .....		<u>0</u>	<u>300.000</u>
<b>Langtímaskuldir:</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....		313.260	844.996
Skuldabréf með breytirétti í hlutafé .....	27	75.925	0
	25	<u>389.185</u>	<u>844.996</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....		26.163	106.377
Viðskiptaskuldir .....		139.850	528.745
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum .....	26	59.300	143.633
Aðrar skammtímaskuldir .....		46.721	113.548
		<u>272.034</u>	<u>892.303</u>
Skuldir samtals		<u>661.219</u>	<u>2.037.299</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>661.469</u>	<u>1.429.447</u>
<b>Skuldbindingar</b> .....	23,24		



# Skýringar

---

## Reikningsskilaaðferðir

### *Grundvöllur reikningsskilanna*

1. Ársreikningur Tæknivals hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Félagið er dótturfélag Grjóta ehf. sem hefur aðsetur að Túngötu 6, Reykjavík.

### *Erlendir gjaldmiðlar*

3. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur í lok reikningsárs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### *Innlausn tekna*

4. Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörstegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörinni verði mögulega skilað.

### *Varanlegir rekstrarfjármunir*

5. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð.

### *Eignarhlutar í öðrum félögum*

6. Eignarhlutar í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu vegna áætlaðrar verðryrnunar þessarra félaga.

### *Birgðir*

7. Vörubirgðir eru metnar til eignar á kostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Hæfilegt tillit hefur verið tekið til gallaðra og úreltra vara.

### *Skammtímakröfur*

8. Skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

## Skýringar, frh.

---

### *Handbært fé*

9. Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

### *Tekjuskattsinneign*

10. Reiknuð skattinneign félagsins er færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins. Í árslok var reiknuð skattinneign vegna yfirfæranlegs skattalegs taps hærri en tekjuskattskuldbinding af efnahagsliðum og því er reiknuð skattinneign færð til eignar.

## Starfsmannamál

- |   |                |                |
|---|----------------|----------------|
| 11. Laun og annar starfsmannakostnaður greinist þannig: | 2004           | 2003           |
| Laun .....  | 269.224        | 493.876        |
| Launatengd gjöld .....                                  | 45.474         | 81.277         |
| Annar starfsmannakostnaður .....                        | 14.912         | 15.956         |
| Laun og annar starfsmannakostnaður samtals .....        | <u>329.610</u> | <u>591.109</u> |
12. Starfsmannafjöldi félagsins er sem hér segir:
- |   |    |     |
|---|----|-----|
| Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf ..... | 69 | 151 |
| Stöðugildi í árslok .....   | 68 | 140 |
13. Launagreiðslur til stjórnenda félagsins námu alls 16,4 millj. kr. á árinu 2004.

## Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

14. Hrein fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtatekjur .....	4.184	6.643
Vaxtagjöld .....	( 93.517 )	( 188.108 )
Gengismunur .....	16.980	10.535
Hrein fjármagnsgjöld samtals .....	<u>( 72.353 )</u>	<u>( 170.930 )</u>

## Skýringar, frh.:

### Varanlegir rekstrarfjármunir

15. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Bifreiðar	Áhöld, tæki og innréttingar	Samtals
Heildarverð 1.1. 2004 .....	10.801	418.001	428.802
Afskrifað áður .....	( 9.154 )	( 244.952 )	( 254.106 )
Bókfært verð 1.1. 2004 .....	1.647	173.049	174.696
Viðbót á árinu .....	0	27.660	27.660
Selt og niðurlagt á árinu .....	( 71 )	( 75.401 )	( 75.472 )
Afskrifað á árinu .....	( 479 )	( 45.851 )	( 46.330 )
Bókfært verð 31.12. 2004.....	<u>1.097</u>	<u>79.457</u>	<u>80.554</u>
Heildarverð 31.12. 2004 .....	10.092	245.005	255.097
Afskrifað samtals 31.12. 2004 .....	( 8.995 )	( 165.548 )	( 174.543 )
Bókfært verð 31.12. 2004.....	<u>1.097</u>	<u>79.457</u>	<u>80.554</u>
Afskriftahlutföll .....	20%	20%	

### Rekstarleigusamningar

16. Í ársbyrjun hafði félagið á rekstrarleigu 16 bifreiðar en þær voru 12 í árslok. Um áramót voru 2 til 37 mánuðir eftir af leigutímanum. Skuldbindingar vegna þessara samninga eru ekki færðar í ársreikninginn en leigugreiðslur vegna þeirra námu 3,8 millj. kr. á árinu.

### Áhættufé í öðrum félögum

17. Eignarhlutir félagsins í öðrum félögum greinast þannig:

Naust Marine – Rafboði – Rafur hf., Garðabæ .....	15.234
Atómstöðin ehf. ....	1.000
Eignarhlutir í tveim öðrum félögum .....	425
Niðurfærsla eignarhluta.....	( 5.000 )
	<u>11.659</u>

### Reiknuð skattineign

18. Tekjuskattsneign félagsins greinist þannig:

Tekjuskattsneign í ársbyrjun 2004 .....	373.792
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins .....	( 145.382 )
Tekjuskattsneign í árslok 2004 .....	<u>228.410</u>

## Skýringar, frh.:

---

19. Tekjuskattsinneign skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

Varanlegir rekstrarfjármunir .....	3.283
Viðskiptakröfur .....	7.119
Yfirfæranlegt tap .....	218.008
Tekjuskattsinneign í árslok 2004 .....	<u>228.410</u>

## Skammtímakröfur

20. Niðurfærsla skammtímakrafna greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun 2004 .....	105.000
Afskrifaðar tapaðar kröfur á árinu .....	( 22.785 )
Lækkun niðurfærslu á árinu .....	( 30.715 )
Niðurfærsla í árslok 2004 .....	<u>51.500</u>

## Eigið fé

21. Hlutfé félagsins nam 438,5 millj. kr. í árslok, en eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

22. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2004 .....	437.240	( 1.045.092 )	( 607.852 )
Seld eigin bréf .....	1.269	( 762 )	507
Hagnaður ársins .....		607.595	607.595
Eigið fé 31.12.2004 .....	<u>438.509</u>	( 438.259 )	<u>250</u>

## Skuldbindingar

23. Á félaginu hvíla ábyrgðarskuldbindingar vegna seldra verðbréfa og greiðslufallsábyrgða til birgja, samtals að fjárhæð 222,4 millj. kr. í árslok 2004. Jafnframt hefur viðskiptabanki félagsins allsherjarveð í birgðum og viðskiptakröfum félagsins.

24. Félagið hefur gert húsaleigusamninga um húsnæði í Skeifunni 8, Skeifunni 17, Gylfaflöt 5 og Iðavöllum 3a. Af leigutímanum eru nú eftir sex mánuðir til ellefu ár. Leigugreiðslur vegna þessara samninga námu 98,5 millj. kr. á árinu. Félagið hefur endurleigt hluta húsnæðis að Skeifunni 8 og Gylfaflöt 5 og námu leigutekjur vegna þess 28,5 millj. kr. á árinu.

## Skýringar, frh.:

---

### Langtímaskuldir

25. Yfirlit um langtímaskuldir:

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum .....	43.918
Skuldir í íslenskum krónum .....	404.567
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	448.485
Næsta árs afborganir .....	( 59.300 )
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals .....	389.185

26. Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok greinast þannig á næstu ár:

Árið 2005 .....	59.300
Árið 2006 .....	134.454
Árið 2007 .....	46.281
Árið 2008 .....	39.493
Árið 2009 .....	162.818
Síðar .....	6.139
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	448.485

27. Félagið hefur tekið lán að fjárhæð 75,0 millj. kr. hjá móðurfélagi sínu. Samkvæmt skilmálum lánsins hefur móðurfélagið rétt til að breyta kröfu sinni á hendur félaginu í hluti í því hvenær sem er á lánstímanum en bréfið skal í síðasta lagi greiddast upp þann 23. nóvember 2006. Skiptihlutfallið er 1, þannig að fyrir hverja krónu lánsins getur móðurfélagið fengið hlutafé í félaginu að nafnverði ein króna.

### Skattamál

28. Félagið mun ekki greiða tekjuskatt á árinu 2005. Yfirfæranlegt skattalegt tap nemur 1.211 millj. í árslok. Skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt tap félagsins er nýtanlegt sem hér segir:

Tap ársins 2001, nýtanlegt til ársins 2011 .....	541.616
Tap ársins 2002, nýtanlegt til ársins 2012 .....	380.229
Tap ársins 2003, nýtanlegt til ársins 2013 .....	289.313
Yfirfæranlegt skattalegt tap samtals .....	1.211.158